



Katrín Oddsdóttir

Reykjavík 11. nóvember 2021

2110010

0.30

## 1.

Vísað er til fyrri samskipta í tengslum við aðgang að gögnum undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Þér barst svarbréf við gagnabeiðni þinni 4. nóvember sl. Þann sama dag óskaðir þú eftir því að upptaka af fundi sem þú og aðrir kærendur áttuð með undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa þann 25. október yrði send þér svo kærendur gætu sjálfir gert upptökuna opinbera. Samhliða óskaðir þú eftir rökstuðningi ef ekki yrði orðið við beiðninni. Með tölvubréfi daginn eftir óskaðir þú leiðbeininga um hvort, og þá einnig hvert, unnt væri að kæra synjun um beiðni um aðgang að gögnum og að upptaka af fundinum þann 25. október yrði gerð opinber. Þá hefur Alþingi borist erindi frá úrskurðarnefnd um upplýsingamál þar sem kynnt er fram komin kæra þín á framagreiðri synjun.

## 2.

Eins og fram hefur komið í fyrri samskiptum starfar undirbúningsnefnd á grundvelli 3. mgr. 1. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Um störf hennar gilda ákvæði þingskapa og starfsreglur fastanefnda Alþingis, eftir því sem við getur átt og lög heimila, sbr. ákvörðun nefndarinnar á 2. fundi hennar frá 6. október, sem og verklagsreglur nefndarinnar sem hún samþykkti á 3. fundi hennar frá 8. október og forseti staðfesti 12. október 2021.

Áréttað er það sem fram kemur í svarbréfi frá 4. nóvember við gagnabeiðni þinni hvað varðar upptökur eða uppritun af fundum nefndarinnar með öllum gestum hennar, þ.m.t. upptaka af fundi sem þú og aðrir kærendur áttuð með nefndinni þann 25. október. Til þess vísast að umræddir fundir með gestum voru lokaðir og uppritun þeirra gerð í þeim tilgangi að þingmenn geti kynnt sér gögn málsins og tekið ákvörðun þegar Alþingi fjallar um gildi kosninganna, sbr. 5. gr. verklagsreglna nefndarinnar og til hliðsjónar ákvæðis 19. gr. laga um þingsköp Alþingis. Var þetta verklag kynnt gestum fyrir fram. Í þessu ljósi hyggst nefndin ekki veita aðgang að uppritunum eða upptökum frá fundum með gestum. Þá er áréttað það sem einnig kemur fram í bréfun að kærendum verður gefinn kostur á að kynna sér lýsingu nefndarinnar á málsatvikum eins og þau liggja fyrir í fyrirliggjandi gögnum og hún hyggst byggja mat sitt á við tillögugerð sína. Munu kærendur þá fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og andmælum á framfæri.

Alþingi, eða löggjafarvaldið, er einn þriggja arma ríkisvaldsins í skilningi 2. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Að því marki sem hlutverk eða störf Alþingis eru ekki útfærð í stjórnarskrá útfærir Alþingi sjálft störf sín með þingsköpum, sbr. 58. gr. stjórnarskrár.

3.

Með breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með lögum nr. 72/2019 markaði Alþingi sér þá stefnu að um stjórnýslu Alþingis færi eftir upplýsingalögum. Í lögum um þingsköp Alþingis er jafnframt kveðið á um að um aðgang að upplýsingum um stjórnýslu Alþingis fari samkvæmt upplýsingalögum, sbr. 1. mgr. 93. gr. laga um þingsköp Alþingis. Í 2. mgr. sömu greinar eru ákvæði um nánari útfærslu þeirrar reglu og er m.a. vísað til reglna sem forsætisnefnd setur.

Í gildissviðsákvæði 2. gr. upplýsingalaga er í 1. málsl. 4. mgr. fjallað um að hvaða marki Alþingi fellur undir gildissvið laganna. Þar kemur fram að lögin taki til stjórnýslu Alþingis eins og nánar er afmarkað í lögum um þingsköp Alþingis og reglum forsætisnefndar sem settar eru á grundvelli þeirra. Í lokamálslið 4. mgr. 2. gr. upplýsingalaga kemur fram að ákvæði V.-VII. kafla laganna taki ekki til Alþingis. Í V. kafla er fjallað um úrskurðarnefnd um upplýsingamál, kæruehimild, málsmeðferð og önnur tengd atriði. Með vísan til þessa þykir ljóst að úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur ekki það hlutverk að lögum að taka til meðferðar kærur er lúta að synjun Alþingis um afhendingu gagna eða upplýsinga. Til þess ber einnig að líta, eins og fram hefur komið, að Alþingi skipuleggur störf sín sjálft og er það ekki meðal hlutverka framkvæmdarvaldsins að hafa með beinum hætti eftirlit með störfum Alþingis. Er því í raun öfugt farið og hefur verið innbyggt í íslenska stjórnskipun frá stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874.

Forsætisnefnd hefur á grundvelli 2. mgr. 93. gr. laga um þingsköp Alþingis sett reglur um aðgang að gögnum um stjórnýslu Alþingis. Reglurnar eru aðgengilegar á vef Alþingis, sjá hér: <https://www.althingi.is/um-althingi/upplysingar-um-althingi/reglur-settar-af-forsaetisnefnd-/adrar-reglur-og-samthykkir/gogn-um-stjornsyslu-althingis/>. Í þeim reglum er gerður greinarmunur annars vegar á gögnum er varða stjórnýslu Alþingis og hins vegar gögnum sem varða starfsemi Alþingis sem fulltrúasamkomu. Í þeim tilvikum þar sem gagna eða upplýsingabeidni, er lýtur að gögnum sem varða stjórnýslu Alþingis, er synjað er unnt að bera hana undir forsætisnefnd, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglnanna.

Með vísan til alls framangreinds er viðfangsefni undirbúningsnefndarinnar að undirbúa þá rannsókn kjörbréfa sem fram fer á þingsetningarfundum og er það liður í störfum þingsins. Ef verkefnið er virt heildstætt þá lýtur það með beinum hætti að starfsemi Alþingis sem fulltrúasamkomu. Þegar af þeirri ástæðu er kæruehimild ekki fyrir hendi.

*Ragna Árnadóttir*

*Afrit:*

Þorvaldur Gylfason (gylfason@hi.is).

Sigurður Hreinn Sigurðsson (hrellir@gmail.com).

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson (runar@npa.is).

Ragna Árnadóttir

skrifstofustjóri Alþingis